

LAUGHAUS, A. KR. 1986.

Ar 1986.

Kom 21.11 Nr. 363

17. nóvember 1986.

Vistun

FUNDARBOÐ

Stofnfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana verður haldinn á Hótel Esju - 2. hæð fimmtudaginn 27. nóvember 1986. Fundurinn hefst með borðhaldi kl. 12:00

Boðað er til þessa stofnfundar í kjölfar tveggja undirbúningsfunda sem haldnir voru í febrúar og maí s.l., og milli 30 - 40 forstöðumenn ríkisstofnana sóttu í hvort skipti.


Þar kom sá vilji fram að formlegt félag yrði stofnað, og því settar starfsreglur. Einnig að félagar hittust yfir hádegisverði u.þ.b. fjórum sinnum á ári yfir vetrarmánuðina, og þar gæfist tækifæri á að taka áhugaverð málafni fyrir hverju sinni. Undirrituðum var falið að vinna að framgangi málsins, og boða til stofnfundar.

Meðfylgjandi eru drög okkar að lögum fyrir félagið. Við stefnum að því að það verði stofnað á fundinum, því ákveðin lög, og kosin stjórn.


Einnig fylgir fundarboði þessu eyðublað sem menn eru beðnir að útfylla óski þeir aðildar að félaginu. Vakin er athygli á sérstökum reit á blaðinu um þátttöku í stofnfundinum, en undirbúningsnefnd vantar þess að sem flestir sjái sér fært að koma á hann.


Vinsamlegast sendið inntökubeiðni sem fyrst til Óla H. Þórðarsonar, Umferðarráði, Lindargötu 46, 101 Reykjavík, hvort sem þið komist á stofnfundinn eða ekki.


Undirbúningsnefnd,

  
Agost Guðmundsson forstjóri  
Landmælinga Íslands

  
Guðlaugur Þorvaldsson  
ríkissáttasemjari

  
Guðmundur Einarsson forstjóri  
Skipaútgerðar ríkisins

  
Guðni Karlsson forstöðumaður  
Bifreiðaeftirlits ríkisins

  
Óli H. Þórðarson framkvstj.,  
Umferðarráðs.